

099/00 - M.b. Jón á Hofi ÁR-62

Jón á Hofi ÁR-62, skipverji slasast er hann stígur í bugt af húkkreipi

M.b. Jón á Hofi ÁR-62

Skipaskr.nr.: 1562

Smíðaður: í Noregi 1969 úr stáli

Stærð: 276,35 brl; 334,00 bt

Lengd: 38,53 m **Breidd:** 7,60 m **Dýpt:** 6,20 m

Vél: Wichmann 662,00 kW **Árgerð:** 1969

Annað:

Földi skipverja: 7



Jón á Hofi ©Tryggvi Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 4. nóvember 2000 var m.b. Jón á Hofi ÁR-62 að veiðum með dragnót suður af Ingólfshöfða. Veður: breytileg vindátt, hægviðri, sjólaust.

Skipverjar, sem voru tveir á þilfari og einn á stjórnþalli, höfðu kastað voðinni og voru að taka baujuna. Húkkreipinu var krækt í baujubandið og síðan gekk sá sem hélt við baujubandið og húkkreipið aftur með stjórnborðssíðunni aftur að gálga til að varna því að það lenti í skrúfunni. Hinn skipverjinn sem var á þilfarinu gekk aftur eftir þilfarinu á eftir hinum skipverjanum. Um það leyti þegar hann kom aftur fyrir dragnótarspilið var híft í húkkreipið stjórnborðsmegin.

Í því að skipverjinn kom aftur fyrir dragnótarspilið steig hann í bugt af húkkreipinu sem var á þilfarinu og þegar híft var í féll hann við þegar bugtin hertist að fætinum og dróst til. Skipstjóri sem var á stjórnþalli sá þegar maðurinn féll og stöðvaði þegar í stað hífinguna en þrátt fyrir skjót viðbrögð skipstjóra hafði fótur mannsins lent undir bita á spilinu og slasaðist hann.

Var spilinu bakkað og og skipstjóri brá við og fór á þilfarið og skar á húkkreipið áður en fór að taka í það vegna framskriðs skipsins og var veiðarfærið skorið alveg frá skipinu. Skipstjóri sneri skipinu í átt að Hornarfirði eftir að veiðarfærið var laust frá skipinu og skipverjar ræstir til að hlúa að hinum slasaða. Haft var samband við Landhelgisgæsluna sem gaf strax samband við lækni. Var ákveðið af læknum að þyrlla yrði send eftir hinum slasaða og var þá skipinu snúið í vesturátt á móti þýrlunni sem kom og sótti hann.

Við rannsókn kom fram

- að slasaði hafði verið tæpa tvo mánuði á sjó og eingöngu á þessu skipi. Hann sagðist hafa verið á leiðinni til að bregða bakborðstóginu á bakborðskopp spilsins. Hann man ekki eftir því að híft hafi verið í stjórnborðstogið fyrr en hann væri búinn að koma bakborðstóginu á koppinn nema í þetta sinn;
- að sögn skipstjóra er yfirleitt búið að hífa í stb.-leiðara áður en törn er sett á bb.-kopp;
- að skoðun á tölvuskráningu skipverja og athugun á skipstjórnarréttindum skipverja kom fram að ekki var fyrir hendi undanþága fyrir skipstjóra sem ekki hefur réttindi á þetta skip. Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands var undanþágubeiðni hafnað. Kom í ljós galli á öryggisþætti skráningarkerfis sem varar við ef ekki eru fyrir hendi fullnægjandi réttindi.

Nefndarálit

Nefndin telur að koma megi í veg fyrir sambærileg slys með meiri árvekni og ítrekuðum ábendingum til skipverja um að gæta að hvar stigið er niður. **ALDREI á að stíga í bugt af tógi, vír eða keðju sem liggur í gangvegi heldur ýta því úr gangveginum.**